Ardrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

2. tbl. 5. árg. 23. jan. - 6. feb. 1979. Verð kr. 200

Daunversti vinnustaður í Reykjavík - Hlaut blessun Dagsbrúnarstjórnar

Heilbrigðismálaráð Reykjavíkur hefur gefið Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni að Kletti starfræksluleyfi til 1. janúar 1984, með skilyrðum sem þarf að uppfylla. Varða þau skilyrði bæði aðstöðu verkafólks að Kletti og einnig umbúnað hráefnis og vinnslu. Meðal þess sem uppfylla verður er: Komið verði í veg fyrir loftmengun af völdum lauss mjöls í verksmiðjunni, svo og olíumengun frá dísillyfturum sem þar eru í notkun; Komið verði í veg fyrir rykmengun af völdum kísilgúrs sem er hættuleg heilsu manna; Starfsfólk fái rykgrímur og heyrnarhlífar, þar sem engin önnur ráð eru til varnar ryki og hávaða; Starfsfólki verði séð fyrir bað- og snyrtiaðstöðu á þessu ári og tryggt gott neysluvatn og frárennsli lagfært.

EKKI BOFS FRÁ DAGBRÚNARSTJÓRNINNI

Stjórn Dagsbrúnar lagði blessun sína yfir aðstöðuna að Kletti í bréfi til Heilbrigðisráðs og tók fram að henni hefði aldrei borist kvörtun frá Kletti. Í því sambandi er fróðlegt að

2

Eflum samstöðuna gegn tilræði hinsþríhöfða þurs

Pétur Pétursson, útvarpsþulur, er gamalreyndur baráttumaður og verkalýðssinni. - Hann svarar spurningu VB um hrossakaup forystu ESRB og ríkisvaldsins í blaðinu og segir m.a., að með því að samþykkja væntanlegar tillögur ríkisvalds, atvinnurekenda og verkalýðsforystu, sé "afturhaldsöflum opnuð leið til hvers konar sjónhverfinga og frekari árása á kaup og kjör alþýðu".

8

STYRKIÐ EIK (m-l)!
GÍRÓ 57070-2

Keisarinn flúinn - hvað svo?

Allt erlent herlið frá Kampútseu!

Fjölsóttur fundur um Kampútseu. Nánari frásögn af fundinum er á síðu 8

Miðstjórn EIK(m-l) hefur sent frá sér yfirlýsingu í tilefni innrásar Víetnams í Kampútseu (Kambódíu). Þar segir m.a.:

"EIK(m-l) krefjast tafarlauss brottflutnings alls víetnamsks og sovésks herafla frá Lýðræðisríkinu Kampútseu og að víetnömsk og sovésk stjórnvöld virði fullkomlega sjálfræði Kampútseu og rétt þjóðarinnar til sjálfsákvörðunar. Samtökin telja ráðandi stétt í Sovétríkjunum ábyrga fyrir innrásinni í Kampútseu, í viðleitni hennar til að ráða yfir öllum löndum Suð austurasíu.

EIK(m-l) lýsa yfir stuðningi við ríkisstjórn Lýðræðisríkisins Kampútseu, Kommúnistaflokk Kampútseu og hina hugrökku alþýðu landsins í baráttu þeirra gegn innrásaraðilum og kvislingum. Þeir verða sigraðir og lokasigurinn mun áreiðanlega falla alþýðu Kampútseu í skaut".

Þá lýsa EIK(m-l) því yfir að athæfi Víetnams sanni, með því að fótumtroða grundvallarrétt þjóða og með algerum undirlægjuhætti gagnvart Sovétríkjunum, að landið sé ekki sósíalískt ríki heldur algerlega gagnbyltingarsinnað ríki.

Íslenskir kommúnistar, andheimsvaldasinnar og fræmsækið fólk studdu af einlægni málstað víetnamskrar alþýðu í frelsisstríði hennar gegn bandarískri heimsvaldastefnu. Af sömu ástæðu fordæmum við nú árásir Víetnams á Kampútseu. Þannig verður framsækið fólk stöðugt að vera á varðbergi, stöðugt að fylgjast með þróun mála í heiminum, og taka afstöðu samkvæmt því. Þannig báru andheimsvaldasinnar þjóðfána Víetnams í mótmælagöngum gegn Bandaríkjunum. Nú er sami fáni brenndur af raunverulegum andheimsvaldasinnum, sem tákn um stuðning við Kampútseu - gegn Víetnam og sovéskum herrum víetnama.

Blaðið skorar á andheimsvaldasinna á Íslandi að fordæma hernám Kampútseu. Hvað segja Samtök herstöðvaandstæðinga? Eða "Baráttuhreyfing gegn heimsvaldastefnu"? Alþýðubandalagið?

Vísbending um stríðshættu

Hertaka Kampútseu er örugg vísbending til allra friðarsinna heimsins um vaxandi hættu á heimsstyrjöld, styrjöld sem Sovétríkin munu setja af stað við vegar um heiminn til að efla ítök sín og ná áhrifasvæðum. En Sovétríkin munu ekki láta staðar numið. Þau fiska í gruggugu vatni í Tyrklandi, Íran og Indlandi, alls staðar í þeim tilgangi að ota sínum tota.

Kveðja frá KFK

EIK(m-l) hafa góð samskipti við Kommúnistaflokk Kampútseu. Samtökin fengu

6

Áskrift greiðist á gíró nr. 12 200 - 9

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Flokksstofnun í hættu

Á III.landsþingi EIK(m-l) 1978 var samtökunum sett það markmið að stofna marxlenínískan verkalýðsflokk fyrir árslok 1979. Jafnframt var því segið föstu að eina meginskilyrðið (afgerandi mikilvægt) væri það að samtökunum tækist að efla enn bein tengsl sín við verkalýðsstéttina - með félagsaðild ákveðins hóps verkafólks.

Fyrir stuttu síðan kom miðstjórn samtakanna saman og tók saman reynsluna af starfinu frá III.þinginu. Í samþykkt miðstjórnarfundarins, sem nú er til umræðu meðal allra félaga EIK(m-l) segir m.a.:

"Samtökunum gengur of hægt við að uppfylla skilyrði um fjöldatengslin fyrir flokksstofnun. Önnur skilyrði eru í lagi. Stefnan í höfuðatriðum nothæf, starfshættir og skipulag sömuleiðis. Sameining marx-lenínista í höfuðatriðum lokið og einangrun "KFÍ/ML" eykst stöðugt.

Má því ljóst vera, að ákvörðun okkar um stofnun kommúnistaflokksins fyrir 1980 er í verulegri hættu"

Miðstjórn greinir pólitískar villur samtakanna á umræddu tímaskeiði. Í verkalýðsmálum eru þær taldar eftirfarandi:

1. Fagfélagshyggja. Léleg tengsl stefnunnar og faglegrar baráttu. Ofuráhersla á kjarabaráttu. Þetta má sjá á áherslunni á kaupkröfur, en lítilli áherslu á t.d. varðveislu vísitölu eða samnings- og verkfallsréttar.
2. Óhlutlægni. Stefna EIK(m-l) er mótuð og kröfur fram settar án almennilegra umræðna eða rannsókna, til dæmis í framkvæmdarnefnd miðstjórnar. Stefnan eða kröfur samtakanna hafa því á köflum verið óraunsæjar og ekki náð eyrum fjöldans.
3. Ofmat á aðstæðum og vélræn afstaða. Við ætlum stundum að ganga lengra en aðstæður og baráttustaða leyfa. Til dæmis að stofna andstöðulið í verkalýðsfélögum áður en nauðsynleg barátta og undirbúningur hefur átt sér stað. Við sjáum illa hvernig baráttan þróast fyrir áhrif víxlverkandi þátta.

Að sama skapi telur miðstjórn skipulagningarstarfið og áróðursstarfið gallað. Frumkvæði félaga lítið víða á vinnustöðum, lítil áhersla samtakanna á leshringina, sinnuleysi við að tryggja Verkalýðsblaðið í sessi efnahagslega og pólitískt, gallað starf í samfylkingum (8.mars, 1.maí, 21.ágúst 1.des , Samtökum herstöðvaandstæðinga og víðar). Verkefnin hafa verið of mörg og málefnin tekin mjög yfirborðslega fyrir.

Um Verkalýðsblaðið segir m.a.:

"Meginverkfærið í áróðurs- og útbreiðslustarfinu er að sjálfsögðu VB. Okkur hefur ekki tekist að tryggja hálfsmánaðar-útgáfuna... Faglegri vinnubrögð hafa ekki orðið árangur starfsins og ritstjórn er ekki nógu styrk. Blaðið er í of litlum tengslum við þróun samtakanna og við stéttabaráttuna - það gustar of lítið um það, það er ekki umræðuvettvangur og það leiðir og þróar samtökin of lítið. Í grófum dráttum hefur VB staðið í stað í nokkurn tíma, vegna fyrst og fremst vanáherslu á trausta fjármálapólitík, vegna veikrar forystu blaðsins, óvissu um stefnuna, eða sumpart rangra hugmynda og gallaðrar efnismeðferðar o.fl. Í heild má segja að VB hafi ekki skipað þann sess sem því ber, þ.e. að vera mikilvægasta tækið í áróðurs- og útbreiðslustarfinu og þar með flokksbyggingunni".

Miðstjórnarfundurinn ályktaði að nú bæri að vinna að stækkun samtakanna, með því að vinna stéttvíst verkafólk til þátttöku í þeim. Meginbaráttuaðferðin skuli vera andóf gegn kreppuráðstöfunum auðvaldsins og efling stéttarlegs starfs á vinnustöðum og stéttarfélögum. EIK(m-l) munu kappkosta að festa VB í sessi, bæta það og efla, styrkja leshringjastarfið og vanda meira til alls áróðurs.

Mikilvægustu verkefnin á áróðurssviðinu eru sem áður verkalýðsmálin, með sérstakri áherslu á kreppuna, andheimsvaldabaráttan, stuðningur við 3ja heiminn og afhjúpun á stríðsbrölti risaveldanna, kvennabaráttan og afhjúpun á Rauðsokkahreyfingunni.

Stofnum kommúníska verkalýðsflokk fyrir árslok!

Framkvæmdanefnd miðstjórnar.

Akureyrarstarf EIK(m-l)

Á undanförnum árum hefur starf EIK(m-l) á Akureyri farið minnkandi. Helsta ástæðan hefur verið skortur á forystu, en einnig hefur komið til lítið fjöldastarf og lítil tengsl við vinnustaði og stéttarfélög. Margt af því fólki sem komið hefur til starfa með samtökunum hefur verið ungt skólafólk, sem horfið hefur úr starfi í fríum og prófum. Skólanemarnir hafa einnig átt erfitt með að starfa samkvæmt þeim aga og kröfum sem kommúnísk samtök krefjast af félögum. Að lokum má geta þess, að töluverður fjöldi félaga, sem komið hafa til starfa á Akureyri, hafa flust frá staðnum og starfa nú annars staðar.

EIK(m-l) hafa áður bent á villur í Akureyrarstarfi og reynt að bæta úr. Þetta leiddi m.a. til þess að starfið tók nokkurn fjörkipp s.l. haust og umsvif samtakanna jukust talsvert. En enn hefur samtökunum ekki tekist að leiðrétta allar þær villur sem gerðar hafa verið og mun nú lítið starf verða á Akureyri, a.m.k. fram á sumar. Samtökin telja starf á Akureyri engu að síður mikilvægt, vegna harðnandi stéttabaráttu, vaxandi stríðshættu og fleira. Því mun lögð áhersla á að leysa vandamálin á Akureyri, þannig að öflugt kommúníst starf geti þar hafist að nýju.

Stuðningsfólk og lesendur Verkalýðsblaðsins, sem vilja hafa samband við EIK(m-l) eru beðnir að snúa sér til samtakanna í Reykjavík eða skrifa í pósthólf 541 á Akureyri.

Framkvæmdarnefnd miðstjórnar.

8. mars hreyfingin Næg verkefni bíða

Um það leyti sem verið er að ganga frá þessu tölublaði, heldur 8. mars-hreyfingin liðsfund sinn á Hótel Loftleiðum. Fregnir af honum verða því að bíða næsta blaðs. Verkalýðsblaðið hafði samband við eina þeirra kvenna sem sitja í stjórn 8. mars-hreyfingarinnar, og sagði hún að mikill hugur væri í félögum hreyfingarinnar, margar tillögur um starf og verkefni væru komnar fram og yrðu ræddar á liðsfundi. Hvort sem þær yrðu allar samþykktar eða ekki, þá væri ljóst, að meira en nóg væri að gera fyrir alla áhugamenn um "kvennabaráttu af nýrri gerð", eins og hún orðaði það. Þess vegna væri mikilvægt að allir þeir sem ekki hafa aðstöðu til að mæta á liðsfundinn, setji sig strax í samband við hreyfinguna og fái verkefni.

Hægt er að hafa samband við hreyfinguna með því að hringja í Ástu í síma 3 24 94 eða Kristjönu í síma 7 34 65.

Næsti liðsfundur hreyfingarinnar verður svo haldinn að Hótel Esju, fimmtud. 8. febrúar kl 20[30].

Áskorun

"Eins og ríkisstjórninni mun fullkunnugt er fjöldi pólitískra fanga í fangelsum ríkisvaldsins í Chile. Þessir fangar sæta mjög illri meðferð, margir hverfa sporlaust og lítið lát er á nýjum fangelsunum.

Ríkisstjórnir Svíþjóðar, Danmerkur, Noregs og Finnlands hafa veitt allmörgum pólitískum flóttamönnum landvistar- og atvinnuleyfi í þessum löndum. Sumir þeirra hafa verið látnir lausir í Chile gegn því að fara í útlegð og verða þá að hafa tryggt landvistarleyfi einhvers staðar.

Það er sanngjörn krafa að íslenska ríkisstjórnin lýsi því yfir að tiltekinn fjöldi útlaga frá Chile geti fengið landvistar- og atvinnuleyfi hér og leggi með því til aðstoð við alþýðu Chile.

Við skorum á utanríkisráðherra að gera grein fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessa máls og á félagasamtök að taka undir kröfuna um landvistar- og atvinnuleyfi fyrir útlaga frá Chile og reyndar öðrum löndum.

Reykjavík, 2. janúar, 1979.

Miðstjórn Einingarsamtaka kommúnista (m-l)

Svar til „KFÍ/ML

Framkvæmdastjórn miðstjórnar EIK(m-l) hefur svarað bréfi "KFÍ/ML" sem birtist í 6 hlutum í Stéttabaráttunni - málgagni "KFÍ/ML". Bréf "KFÍ/ML" er svar við öðru bréfi frá EIK(m-l) sem aftur er svar við enn öðru bréfi "KFÍ/ML" frá í haust. Þessi bréfaskipti eru einn liður í baráttunni fyrir því að ljúka sameiningu kommúnista á Íslandi.

EIK(m-l) munu hér eftir ekki birta bréf þessi eða önnur skyld í Verkalýðsblaðinu. Orsökin er sú, að mikilvægi þeirra er ekki umtalsvert, þar eð sameiningu ísl. kommúnista er að verulegu leyti lokið. Rúmleysi í Verkalýðsblaðinu leyfir ekki birtingu bréfa, 5-10 vélritaðar síður að lengd, nema mikið liggi við.

EIK(m-l) gefa því út svarbréf sitt, fjölritað að þessu sinni. Það er stutt - með samandregnum aðalatriðum og skýringum á afstöðu samtakanna. Sameiningartilraunir EIK(m-l) eru og raktar í bréfinu.

Verðið er kr. 100 - sölustaður Októberbúðin, Óðinsgötu 30. Hægt er að panta bréfið í pósthólf 5186 125 Rvík. Tilkynning frá EIK(m-l).

Styrkið EIK(m-l) giró 57070-2

DAUNVERSTI VINNUSTAÐUR...

Framhald af forsíðu

gefa gaum sérstakri bókun Sigurðar E. Guðmundssonar, fulltrúa í Heilbrigðisráði, á fundi ráðsins þann 20. desember s.l:

"Ég hlýt að láta í ljósi furðu mína yfir því, að Verkamannafélagið Dagsbrún skuli ekki í umsögn sinni, dags. 14. 12. s.l., gera minnstu athugasemd við þá hraklegu vinnuaðstöðu sem verkamenn í Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni Kletti búa við í daglegu starfi sínu. Í bréfi félagsins segir m.a., að allt af megi gera betur, en samt er ekki bent á neitt það, sem betur mætti fara, svo að heilbrigðismálaráð geti gert kröfur um úrbætur í þeim efnum. Verksmiðjan er vafalaust einhver daunversti vinnustaður í Reykjavík og þótt víðar væri leitað. Þótt afstaða félagsins í ofangreindu bréfi hljóti að valda verulegum vonbrigðum, einmitt í eitt fyrsta skiptið, sem verkalýðsfélagi er gefinn kostur á umsögn um vinnustað, áður en starfræksluleyfi er veitt, tel ég óhugsandi og óverjandi, að verksmiðjan geti, án verulegra úrbóta, verið vinnustaður verkamanna fram til 1991. Hefði ég því talið eðlilegast, að henni hefði verið veitt starfræksluleyfi um 3ja ára skeið, eða til vara í 5 ár (þ.e. til 1984), jafnframt því sem þess hefði verið krafist, að gerðar yrðu stórfelldar úrbætur á starfsaðstöðu verkamannanna í verksmiðjunni sjálfri".

Blaðið tekur undir orð Sigurðar E. Guðmundssonar og telur að heilbrigðisráð hefði að skaðlausu getað sett forráðamönnum verksmiðjunnar að Kletti mun harðari kosti til að bæta úr vinnuaðstöðu og fleiru sem aflaga er þar.

Framhald af síðu 3

valdið leggur allt kapp á kjararán og að velta byrðum kreppu og efnahagsvandræða yfir á herðar launafólks.

Fréttaritari.

Áskriftaherferð

Lokatölur í áskriftarherferð.

S-Rvk.	63%
Suðurland	475%
Vesturland	33%
Norðurland	50%
Austurland	40%
Erlendis	185%
Alls	76%

Tilkynningar

Kæru lesendur. Framleiðslukostnaður Verkalýðsblaðsins hefur aukist. Auk þess stefnum við að því að auka útgáfutíðni blaðsins. Við megum þess vegna ekki horfa fram hjá efnahagsstöðu blaðsins. Sem lið í að bæta efnahagsstöðu blaðsins verðum við að hækka verð þess í lausasölu í kr. 200. - Auk þess hvetjum við alla sem ekki hafa greitt áskrift að gera það strax og þá sem kaupa blaðið í lausasölu að gerast áskrifendur. Það er bæði ódýrara og tryggir lesendum blaðið reglulega og okkur öruggari tekjur.

Gíró 12200-9

Ritstjórn.

Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

Röng stefna EIK(m-l)

Framkvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l) hefur gert eftirfarandi samþykkt:

EIK(m-l) tóku afstöðu gegn kröfu verkalýðshreyfingarinnar "Samningana í gildi" s.l. vor.

Eftir athuganir miðstjórnar og umræður í samtökunum og Verkalýðsblaðinu hefur niðurstaðan orðið sú, að afstaða samtakanna á sínum tíma hafi verið röng og skaðleg.

ÓHLUTLÆGT MAT

Við töldum rétt á þeim tíma að setja fram hærri kjarakröfu (verulega kauphækkun) sem meginkröfu. Það var rangt og bar m.a. einkenni ofurróttækni og einangrunarhyggju. Krafa okkar tók lítt mið af stöðu verkalýðshreyfingarinnar, þ.e. því að hún er undir yfirráðum stéttasamvinnuforystunnar og ákaflega veik. Krafan tók ekki mið af þjóðfélagsaðstæðum tímans. Árás ríkisvaldsins á samningsréttinn var afar gróf og krafan um "samningana í gildi" átti stuðning þorra verkafólks og annars vinnandi fólks.

EIK(m-l) lögðu samtímis þessu fram ranga meginstefnu fyrir kjarabaráttu þessa tíma með því að leggja höfuðáherslu á nýja samninga og nýjar kröfur.

STYÐJA OG AFHJÚPA

Í stað alls þessa hefðu EIK(m-l) átt að leggja aðaláhersluna á kröfuna "samningana í gildi", á baráttuna fyrir vörn samningsréttarins, á afhjúpun stéttasamvinnuforingjanna, á afhjúpun ríkisvaldsins sem valdatæki auðstéttarinnar. Verkalýðsforystan tók aðeins í orði undir kröfuna um "samningana í gildi" og barðist í raun ekki gegn kjararánslögum ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar. Enda grunaði þá sjálfsagt að þeir kynnu að eiga eftir að eiga aðild að svipuðum lögum sjálfir.

KRAFAN ER MIKILVÆG NÚ

Mat okkar hefur í för með sér að EIK(m-l) lýsa yfir fullum stuðningi við kröfuna "samningana í gildi". Krafan er enn rétt baráttustefna og samtökin taka þar með undir samþykktir margra stéttarfélaga og hópa á vinnustöðum - sbr. samþykkt verkamanna í álverinu.

Barátta dagsins verður að beinast gegn auðstéttinni, ríkisvaldinu og þýlyndri ríkisstjórn hinna fölsku verkalýðsflokka - ekki hvað síst gegn sendisveinum auðstéttarinnar í verkalýðshreyfingunni. Þeirra hlutverk er nú að reyna að sannfæra fólk um að kreppuárásirnar séu ýmist "kjarabætur" eða "nauðsynlegar" aðgerðir og að koma í veg fyrir sjálfstæðar baráttuaðgerðir verkafólksins.

Kjararánið mun aukast á næstu mánuðum. EIK(m-l) hvetja til baráttu til varnar réttindum og kjörum, m.a. með kröfuna "samningana í gildi" að vopni.

Það er skylda kommúnista að viðurkenna mistök sín, greina þau og kynna fyrir fjöldanum. Samþykktin er liður í því.

Framkvæmdanefnd miðstjórnar, 15. janúar 1979.

Akranes Skref í áttina

Ófaglært verkafólk á sjúkrahúsinu á Akranesi hefur átt í löngu þófi, allt frá árinu 1977, við að fá samþykktar kröfur um sambærileg kjör fyrir sömu vinnu, miðað við opinbera starfsmenn. Til að knýja á um samninga, var boðað verkfall um 6o manna 15. janúar, er þar af unnu 2o samkvæmt undanþágu verkalýðsfélagsins eftir að verkfall skall á. Verkfallið stóð þó aðeins fram á næsta dag, þar sem samningar náðust að morgni 16.jan. Hljóða þeir upp á minnkun grunnkaupsmunarins, en áður var munurinn 23.4%. Með öðrum orðum er launajafnrétti ekki náð, né heldur jafnrétti til orlofs. Áður fengu opinberir starfsmenn 1o daga í orlof umfram félaga í verkalýðsfélaginu, en hafa nú 5 daga umfarm.

Ljóst er því, að ófaglærðir við sjúkrahús Akraness hafa ekki náð takmarki sínu með kjarabaráttunni, en hins vegar er fordæmi þeirra lofsvert og lærdómsríkt: Ef ekki hefði verið gripið til hörkulegra aðgerða til að knýja á um framsettar kröfur, hefðu yfirvöld hunsað kröfurnar algerlega. Um allt land viðgengst hið sama, þe. að ófaglært verkafólk á heilbrigðisstofnunum gengur í störf faglærðs fólks og fær miklu lægri laun og verri kjör fyrir. Fyrir þetta fólk er Akranes-verkfallið fordæmi.

Launamálaráð BHM gefur eftir

Í síðasta tbl. VB var frá því greint, að kjaramálaráð Bandalags háskólamanna - BHM hyggðist grípa til verkfallsaðgerða í janúar til þess að ýta á eftir því að vísitöluþakið á launum BHM yrði afnumið og fullar vísitölubætur greiddar á öll laun. Riftun kjarasamningsins var ákveðin á fundi launamálaráðs 13. des.

Nú hefur hins vegar komið fram, að fulltrúar aðildarfélaga launamálaráðsins eru orðnir afhuga verkfalls aðgerðum í janúar. Kom fram hjá Jóni Hannessyni (Alþýðubandalagsmanni), formanni ráðsins, að "stemningin væri lítil og betra að bíða eftir nýjum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar".

Ljóst er því, að launamálaráð BHM mun ekki skipuleggja og undirbúa verkfall í bráð og varla aðrar baráttuaðgerðir. Málið er nú í meðförum kjaradóms og nær öruggt að forysta BHM ætlar að sitja auðum höndum. Og víst er að launamálaráð gerir ekkert af sjálfsdáðum til þess að koma upp baráttuhug með almennilegri kynningarstarfsemi í félögum og á vinnustöðum. "Lítill" áhugi er notaður sem útskýring og afsökun á "litlum baráttuhug". Það er eins og hann falli af himnum ofan!

Kaupránið 1978 var verulegt meðal lægri og hærri launamanna BHM. Baráttutilefni er því ærið, því ekki má gleyma misþyrmingu samningsréttarins, sem í kaupráninu felst.

Samkvæmt fréttabréfi er kaupránið sem hér sést:

Kaupránið 1978.

Lfl.	Mars,	Apríl,	Maí,	Júní,	Júlí,	Ágúst,	Sept.,	Okt.,	Nóv.,	Des.,	Samtals.
105	10þús	10þús	10þús	20þús	20þús	20þús	0	0	0	13þús	103 þús.
110	12þús	12þús	12þús	30þús	30þús	30þús	9þús	9þús	9þús	27þús	180 þús.
112	13þús	13þús	13þús	33þús	33þús	33þús	14þús	14þús	14þús	35þús	215 þús.
114	14þús	14þús	14þús	36þús	36þús	36þús	19þús	19þús	19þús	43þús	250 þús.
117	16þús	16þús	16þús	39þús	39þús	39þús	26þús	26þús	26þús	54þús	297 þús.

Launaflokkur 105 er allalgengur meðal kennara - nú 1. des. 240 þús. á mánuði (1. þrep), flokkur 110 er upp á 284 þús. (1. þrep). Stolið er tæpum hálfum mánaðarlaunum!

Á ýmsum vinnustöðum, t.d. menntaskólum, eru menn óánægðir með að BHM grípi ekki til aðgerða og er nú kannað innan Félags menntaskólakennara hvort samstaða sé um verkfall - einn eða tvo daga í janúar eða febrúar. Slíkt verður að takast - fordæmið er hvetjandi. Þótt ekki náist samstaða margra félaga er vinnustöðvun t.d. kennara réttmæt og mikilvæg. Það verður að taka upp baráttu gegn ríkisvaldi auðstéttarinnar, brjóta vísitöluþakið og bann við kauphækkunum á árinu 1979 (öðrum en takmörkuðum vísitölubótum) og berjast fyrir því að samningar séu settir í gildi og kaupmáttur launa varinn. Úrtölumenn BHM-forystunnar fylgja ekki baráttustefnu, heldur sáttastefnu - í reynd.

Fréttaritari.

Sigur í baráttunni við ríkisvaldið

Eins og flestir muna, hafa stundakennarar við Háskóla Íslands átt í harðri kjaradeilu við ríkisvaldið í allt haust. M.a. fóru þeir í vikulangt verkfall í nóvember til að leggja áherslu á kröfur sínar, og hótuðu að fara í verkfall frá upphafi kennslumisseris nú í lok janúar. Barátta stundakennara hefur borið þann árangur, að ríkisvaldið hefur nú lagt fram tilboðsdrög, sem bjóða upp á allverulega kjarabót, eða um 9.5-1o% launahækkun, möguleika á flutningi milli launaflokka, niðurfellingu á launamisræmi stundakennara sem annars starfa við stofnanir Háskólans o.fl. Fundur í Samtökum stundakennara miðv.d. 17. jan. s.l. samþykkti að ganga til samninga á þessum grundvelli, en lögð var áhersla á að enn væru mikilvæg atriði óútkljáð, sem berjast þyrfti fyrir áfram. Er þar fyrst og fremst um að ræða að enn hefur ekki fengist fram launaöryggi fyrir stundakennara, s.s. óskert laun í jólaleyfum, páskafríi, próftímum o.fl. Þessi atriði verða því meginatriði þeirra krafna, sem settar verða fram næsta haust, en þá renna samningar út.

Þessi áfangasigur stundakennara er ákaflega mikilvægur. Einkum er hann lærdómsríkur af því leyti að hann sýnir að hægt er að berjast til sigurs jafnvel, þegar ríkis-

Framhald á bls. 2

Lesendabréf

Íslenski fáninn er fáni sjálfstæðis og þjóðfrelsis

Það fór eins og ég bjóst við að einhverjir lesendur brygðu hart við vegna ummæla minna um íslenska fánann og notkun hans í baráttusinnuðum aðgerðum. Sú skoðun sem "Lesandi" setur fram í síðasta tbl. er ekki ótíð og hreint ekki svo óskiljanleg. Og hún væri rétt, ef við litum aðeins á tvær hliðar málsins, þ.e. í fyrsta lagi hverjir veittu þeirri hreyfingu forystu sem endurheimti fullveldi þjóðarinnar og færði henni sérstakan þjóðfána, - og í öðru lagi hverjir stjórna opinberri notkun þessa fána. Við "Lesandi" erum vafalaust sammála m að það er borgarastéttin. En hér er ákaflega mikilvægum þáttum sleppt.

1. Þess er ekki gætt, hverja þýðingu fullveldið - og eigin þjóðfáni sem tákn þess - hafði fyrir íslenska alþýðu. Fullveldið var skref sem færði alþýðuna fram á við.

2. Ekki er um það spurt, hvað þjóðfáninn sé í augum hins almenna manns. Lítur vinnandi alþýða á íslenska fánann sem fána þess hluta þjóðarinnar sem kúgar hana og arðrænir? Nei, í augum íslenskrar alþýðu er íslenski fáninn tákn fullveldis og sjálfstæðis Íslands gagnvart erlendum þjóðum.

Það er á þessum grundvelli sem við baráttusinnar tökum upp þetta tákn. Við viljum taka það upp sem tákn framsækinnar baráttu - eins og fáninn var á sínum tíma - og við viljum nota hann sem tákn þess sem hann er í dag í augum þorra alls vinnandi fólks - tákn þjóðernis og þjóðfrelsis. Ekki síst nú á fyrirstríðstímum er nauðsyn að hlúa sem mest að slíkum viðhorfum. En við gerum meira en það. Við viljum hefja slík viðhorf og alla þjóðlega baráttu á enn



hærra stig. Þess vegna tökum við upp baráttu gegn þeim vágesti sem ógnar þessu sjálfstæði mest af öllu - heimsvaldastefnunni. Við berjumst fyrst og fremst undir tveim merkjum gegn risaveldunum, bæði því sovéska og því bandaríska. Til að leggja áherslu á þjóðlegt eðli þessarar baráttu notum við merki þjóðfrelsis - og sjálfstæðishugsjóna - þjóðfánann. Til að leggja áherslu á stéttarlegt eðli baráttunnar notum við fána verkalýðs, þann rauða.

Ég hvet sem flesta lesendur til umræðna um þessi mál. Þær geta aldrei orðið annað en gagnlegar.

Félagi í ritnefnd.

STALDRAÐ VIÐ

–Niður með prestana! – Niður með þá ríku! – Allt vald til alþýðunnar! æpti lýðurinn, og félagi Jesús Jósepsson sveiflaði sverði sínu og öskraði: – Frelsi til handa alþýðu!

Þannig mynd dregur Sven Wernström upp af Jesúsi, þekktustu skáldsagnapersónu allra tíma, í bókinni um "Félaga Jesús".

Mörgum hefur blöskrað málflutningur þjóna kirkjunnar í deilunni sem varð í tilefni bókarkornsins. Þeir hafa sem fyrr varið kristindóminn og kirkjuna, ópíum og ópíumsprautu valdastéttanna í þjóðskipulagi undirokunar og kúgunar í gegnum aldirnar. Trúarbrögð, hvaða nafni sem nefnast, hafa ætíð verið nýtt af ráðandi stétt til að halda alþýðu manna á arðránsklafa. "Þeir deyja ungir sem guðirnir elska", sögðu kirkjuþjónar og valdsmenn við fjölskyldur ungra manna sem féllu í átökum kónga og keisara um lönd og álfur.

Menn hafa mörg tækifæri til að sannfærast um það við hvaða heygarðshorn kirkjan stendur. Hún er andvíg öllu sem heitir þróun þjóðfélags, hvað þá heldur þjóðfélagsbyltingu og alþýðuvöldum. Í ræðum presta má heyra þá veitast að sósíalistum, vara við dagvistunarheimilum (enginn getur huggað barn sem fer að gráta á barnaheimili nema pabbi og mamma"!!), boða "frið og samvinnu" stétta m.ö.o. að verkafólk leggi niður vopn og sætti sig við ástandið. Kommúnistum ber því að taka alvarlega baráttu gegn miðaldamyrkri kirkjunnar og trúarbragðanna. Kirkjan er hluti af innréttingarapparati borgarastéttarinnar.

Ég tel að kommúnistar eigi alls ekki að vera innan þjóðkirkjunnar og eigi ekki að þyggja þjónustu hennar, svo sem skírn, fermingu, giftingu og greftrun. Samkvæmt "Lögbókinni þinni" geta menn áskilið sér að standa utan þjóðkirkjunnar með tilkynningu til viðkomandi sóknarprests, sem gefur út vottorð í samræmi við það. Undirritaður fór nákvæmlega eftir þessu hér um árið, og fékk um hæl bréf frá prestinum, sem þjónar brauði við Eyjafjörð: "Úrsögn úr þjóðkirkjunni kemur ekkert til minna kasta, enda hefi ég takmarkaðan áhuga á slíku..... Ég vænti þess að þú hafir hugsað þetta mál vel. Þú ert vitanlega í þínum fulla rétti, en einhverm veginn segir mér hugur um að þú sért ekki nákunnugur störfum og eðli þjóðkirkjunnar og ráðlegg þér, í allri vinsemd, að athuga þetta betur".

Ég gafst ekki upp og skrifaði presti aftur. Benti honum, með tilvísun til lagagreina, á hans eigin embættisskyldur. Prestur skrifaði langt bréf:

"Ég dreg ekki í efa að þú hafir þínar ástæður fyrir þessari ósk og þú hefur fullan rétt til þess. Það er kosturinn við okkar þjóðskipulag að við höfum frelsi til að tala og hugsa og trúa eins og við viljum. Margir ungir svokallaðir menntamenn vilja þetta þjóðskipulag feigt, um afstöðu þína veit ég ekki. Ég hef samúð með þeim. Ég hafði áður fyrr snert af róttækni(sic). Ég hefi samúð með slíkum mönnum, því fjöldinn allur af þeim verður fyrir vonbrigðum. En nóg um það.

Þú segist hafa "kannað gaumgæfilega ... réttindi, réttindaleysi og skyldur utanþjóðkirkjumanna og það er vel, en það ' álit mitt er óbreytt að þú þekkir ekki of vel störf kirkjunnar, því að fáum bekkjum hefur þú slitið í kirkjum í..... frá fermingu, hvað sem annars staðar er. Þetta er nú sagt í gamni og með vinsemd, en þó til athugunar".

Til að losna við að standa í bréfaskriftum við prest út af úrsögn úr þjóðkirkjunni, er best að smíða sér beint til manntalsskrifstofu eða þjóðskrár og tilkynna ákvörðunina. Það er einfalt, en mikilvægt táknrænt verk. Mikilvægast er þó að vera stöðugt á verði gagnvart falskri heimsmynd og hættulegum kenningum sem kirkjan útbreiðir daglega og afhjúpa hlutverk þjóna hennar í yfirbyggingu auðvaldsþjóðfélagsins.

Einn utan þjóðkirkju.

„Verndun gamalla húsa:

„Hagsmunir íbúanna aðalatriðið"

-segir Þórir Helgason, arkitekt

Hreyfingu áhugafólks um verndun gamalla húsa í Reykjavík og víðar vex stöðugt fiskur um hrygg. Starfandi eru íbúafélög í Vesturbæ og Þingholtum í Reykjavík, sem láta sig miklu skipta varðveislu gamalla bæjarhluta. Þá hefur verið stofnað hliðstætt íbúafélag í Hafnarfirði, að ógleymdum Torfusamtökunum í Reykjavík.

Í blaðagrein á dögunum hvatti Þórir Helgason, arkitekt til þess að húsverndunarsinnar stilltu enn frekar saman krafta sína á næstunni og einbeittu sér að því að tryggja verndun Bernhöftstorfunnar í Reykjavík. En hvers vegna að verja miklum kröftum í þágu Torfunnar Þórir Helgason?

– Hreyfingin fyrir húsaverndun á Íslandi er tiltölulega ný. Hún er því ekki rík af reynslu og hana skortir meira afl. Bernhöftstorfan hefur lengi verið í brennidepli og verndun hennar virðist njóta víðtæks stuðnings. Í Torfunni býr enginn lengur, þannig að þar hafa engir íbúar beinna hagsmuna að gæta á borð við það sem gerist í gömlum íbúðahverfum. En ég lít á sigur í Torfumálinu sem mikilvægan áfanga og hann mun virka sem vítamínsprauta á hreyfinguna og vekja til umhugsunar og skilnings um röskun á hverfum nálægt miðbænum.

– Hver á stefnan að vera í baráttunni fyrir varðveislu gamalla húsa að þínum dómi?

– Fram til þessa hafa verndunarsjónarmið einkum komið við sögu í sambandi við sögufræg hús (sem líklega fáum eða engum hefði hvort eð er dottið í hug að rífa og eyðileggja), eða þá "venjuleg" hús , sem eru á einhvern hátt táknræn fyrir ákveðið tímabil í sögunni. Þau hafa þá gjarnan verið sett á vagn, ekið upp í Árbæ og höfð þar til sýnis! Þessi stefna byggir á menningarsögulegum forsendum eingöngu. Húsverndunarsinnar eiga hins vegar fyrst og fremst að ganga út frá hagsmunum fólksins, íbúanna. Gömlum hverfum í höfuðborginni er ógnað af útþenslu miðbæjarins, þar sem verslunarhallir , skrifstofubyggingar, stjórnarstofnanir og fleira þvíumlíkt flæðir inn í íbúðarhverfin. Ef í þessum hverfum býr fólk sem á rétt á því að vera þar áfram, en er gert illmögulegt að vera og jafnvel þvingað til að flytjast burt. Fólki er ekki gert fjárhagslega kleyft að eignast eða viðhalda gömlum húsum. Það geta fáir einstaklingar keppt um lóðir og hús við fjársterka aðila, sem hyggjast færa út kvíar í miðbænum! Þá má nefna, að ríkið og Reykjavíkurborg hjálpa til að láta hverfin drabbast niður. Framkvæmdir í dagvistunarmálum eru litlar í gömlum hverfum og hús í eigu opinberra aðila eru sums staðar í áberandi verstu ástandi.

– Hlutverk íbúasamtakanna?

– Jú, þau eiga að vera í forystu gegn byggðaröskun í borginni, berjast fyrir hagsmunum íbúanna. Þau ber því að efla og auka starfsemina. Sérstaklega er útbreiðslustarf og áróður mikilvægt. Einhvers konar blaðaútgáfa er æskileg. Einnig ættu íbúasamtökin að starfa meira saman að baráttumálum sínum.

– Að lokum?

– Bara það, að ég hvet allt fólk sem býr í gömlum hverfum og sem áhuga hefur á varðveislumálum gamalla húsa, að setja sig í samband við íbúasamtökin og taka þátt í starfi þeirra. Án þátttöku íbúanna sjálfra vinnst auðvitað enginn sigur og samtökin verða hvorki fugl né fiskur.

Hafið samband við:

Íbúasamtök Grjótaþorps,
Kristín Unnsteinsdóttir
Bröttugötu 3a s. 2 71 84

Íbúasamtök Vesturbæjar
Magnús Skúlason,
Bakkastígur 1 s.2 61 84

Íbúasamtök Þingholts,
Kristján E. Guðmundsson
Óðinsgata 6 s. 2 95 96

Íbúasamtök Hafnarfjarðar
Edda Óskarsdóttir
Gunnarssundi 10, s. 5 34 23

Torfusamtökin,
Guðrún Jónsdóttir,
Bergstaðastræti 52,
s. 2 17 60

„Við borgum ekki"

Alþýðuleikhúsið sýnir
Við borgum ekki eftir
Dario Fo.
Leikstjóri: Stefán Baldursson
Leikmynd: Messíana Tómasdóttir
Leikarar í Alþýðuleikhúsinu
– sunnandeild

Alþýðuleikhúsið – sunnandeild hefur nú hafið starfsemi sína. Annað verkefni leikársins er ítalski gamanleikurinn "Við borgum ekki" eftir hinn kunna ítalska leikhúsmann Dario Fo, sem er flestum að góðu kunnur. Leikritið er samið eftir atburði sem áttu sér stað á N–Ítalíu árið 1974 þegar kreppuástand ítalska auðvaldsins leiddi til mótmæla öldu verkafólks sem neitaði að samþykkja stöðugar verðhækkanir á matvælum og öðrum nauðsynjum, leigu og rafmagni. Leikritið er bráðsmellin ádeila á ítalskt þjóðfélag, kirkjuna og páfann og ekki síst á ítalska kommúnistaflokkinn (endurskoðunarsinna) PCI, sem hefur um 30–40% fylgi ítalskra kjósenda. Leikarar og leikstjóri Alþýðuleikhússins hafa kosið að setja upp leikinn á eilítið stílferðan hátt og nota til þess sérstaka förðun, búninga og leikmynd. Þannig er mest lagt upp úr ærslunum og gamninu jafnvel þótt textinn hafi að geyma alvarlegan boðskap inn á milli. Ekki gat undirrituðum amnað heyrst en því hafi að einhverju leyti verið sleppt svo sem í samtölum kvennanna tveggja og er það miður. Leikarar standa sig þó flestir með prýði og kom brandarakallinn Gísli Rúnar einna þægilegast á óvart með stílhreinum leik sínum í 4 hlutverkum. Leikmynd Messíönu Tómasdóttur var smekklegur rammi um sýninguna, þó ekki væri hún sérstaklega ítölsk. Í heild má segja að sýningin sé góð og ekki síst bráðskemmtileg, þrátt fyrir að sleppt sé úr textanum góðum skammti af pólitískum boðskap. Alþýðuleikhúsið á í fjárhagskröggum eins og fyrri daginn og framtíð þess óráðin. Óhætt er að hvetja fólk til að sjá sýningar þess og styðja þannig viðleitni þá sem aðstandendur Alþýðuleikhússins sýna til sköpunar betri leiklistar í þágu alþýðunnar.

Lesendabréf

Fyrirspurn til ritnefndar.

Tíðrætt hefur orðið um sölu Coca-Cola í Kína undanfarna daga. Þar sem drykkurinn hefur m.a. verið notaður í áróðursskyni gegn sósíalisma Sovétríkjanna tel ég VB. skylt að gera lesendum sínum grein fyrir tilkomu og veru drykkjarins í Sovétríkjunum og hins vegar í Kína. Er um beinan innflutning að ræða? Setja Kínverjar upp sínar eigin CC. verksmiðjur og hvernig hagnast Bandaríkjamenn þá á viðskiptunum? Hvernig er þessu farið í USSR?

(Með von um greinagóð svör)

Málfarið má batna

Ritnefnd þakkar lesendabréf í síðasta tbl. um málfar blaðsins. Um leið harmar ritnefnd neyðarlegan hala við bréfið, merktan "Ritstj.", þar sem ritvilla (vélritunarvilla ?) bréfritara er leiðrétt meinfýsislega. Skýring þessa hala er sú að einstakir félagar í ritnefnd bættu þessu aftan við bréfið í hugsunarlausum galsa og án umræðna í ritnefnd. Það er ljóst að slík barnaleg hefnigirni er kolröng afstaða til gagnrýni og leiðir ekki til neins góðs og hvetur síst til umræðna og gagnrýni á blaðið. En gagnrýni og ábendingar af því tagi, sem umrætt bréf ber fram eru einmitt lífæð blaðsins og skilyrði þess að það þróist og verði betra að efnistökum og málfari.

Varðandi málfar blaðsins og efni umgetins lesendabréfs vill ritnefnd taka fram, að það er að hennar áliti langt frá því að málfar blaðsins sé nógu gott. Hinu verður þó ekki neitað, að hér hefur orðið talsverð bót á, sé t.d. miðað við s.l. 1–2 ár. Helstu gallar í málfari eru að okkar áliti:

1. Þurrt og fræðilegt málfar. Hræðsla við útúrsnúninga. Skortur á fjörlegu,lifandi alþýðumáli.

2. Lítill orðaforði. Sú fjölbreytni sem íslensk tunga leyfir er ekki notuð.

3. "Tískuorðalag" sem skrifendur blaðsins aðhyllast, sbr. mikla notkun orðalags eins og "að slá föstu", "afhjúpa", "smíða", "baráttulína","stefnugrundvöllur" o.fl. o.fl. Margt af þessu er þó ekki einkamál blaðsins eins, heldur er svona orðalag algengt meðal framsækinnar hreyfingar í heild.

En Verkalýðsblaðið hefur ekki gætt skyldu sinnar sem tengiliður þessarar hreyfingar við fjöldann að berjast gegn þvílíku málfari, sem ekki getur talist eðlilegt alþýðumál.

4. Of langar setningar eru oft notaðar. Þær gera innihaldið flóknara og blaðið erfiðara aflestrar.

5. Tíðar endurtekningar orða og hugsana, bæði í einstökum greinum, milli greina eins tbl. og milli tölublaða.

6. Of lítil kímni er í skrifum blaðsins.

7. Ósamræmi er nokkurt í orðanotkun, stafsetningu nafna og beitingu stafsetningarreglna (sbr. Íslendingur: Íslendingur o.s.frv.)

8. Ofnotkun styttinga og skammstafana, sem og tilhneiging til að troða öllum hugtökum í eitt orð (sbr. "flokksbyggingaræfstunarumræða")

Gegn þessum göllum og öðrum viljum við berjast og við hvetjum lesendur blaðsins til að aðstoða okkur við það.

Ritnefnd.

«Konur bera uppi hálfan himininn»
(Maó Tsetúng)

Marx, Lenín, Stalín og Maó:

Um kvennakúgun og kvennabaráttu



Karl Marx:

HÚN DÓ ÚR VINNUÞRÆLKUN

Síðustu viku júnímánaðar árið 1863 fluttu dagblöð Lundúna öll greinar með "upplýsingum" fyrirsögninni: "Hún dó úr eftirvinnu". Þar var fjallað um það hvernig tískusaumastúlkan Mary Ann Walkley lést. Hún var tvítug að aldri og starfaði á virtum stað, þar sem saumað var í samræmi við hallartískuna. Hún var arðrænd af heiðarkonu sem bar það traustvekjandi nafn Elísa.

Gamla sagan, sem svo oft hefur verið sögð, var afhjúpuð á ný. Þessi stúlka vann að jafnaði sextán og hálfan tíma hvíldarlaust, og þegar mest var að gera oft eina þrjátíu tíma. Þverrandi "vinnuafl hennar var vakið til lífsins með sherrý, púrtvíni eða kaffi af og til. Einmitt nú var sá tími, þegar mest var að gera. Á einu augnabliki varð að töfra fram glæsilega kjóla á hinar göfugu heiðarmeyjar, sem boðnar voru á dansleik til heiðurs hinni nýinnfluttu prinsessu af Wales.

Mary Ann Walkley hafði unnið stanslaust í tuttugu og sex klukkustundir ásamt sextíu öðrum stúlkum. Þrjátíu þeirra unnu í herbergi sem veitti þeim aðeins þriðjung þess lofts, sem nauðsynlegt var. Á næturnar sváfu þær tvær og tvær saman í þeim kæfandi litlu kytrum, sem svefnherberginu var skipt í með skilveggjum. Og þetta var ein af bestu tískuverksmiðjum í Lundúnum. Mary Ann Walkley veiktist á föstudegi og lést á sunnudegi. Maddömu Elísu til mikillar furðu hafði henni ekki tekist að ljúka því verki sem hún var byrjuð á.

Læknirinn, Hr. Keys, var sóttur of seint að sjúkrabeðinu. En þegar stundin rann upp, vitnaði hann með þurrlegu orðalagi fyrir "líkskoðunarnefndinni" að: "Mary Ann Walkley lést vegna þess að hún vann of margar klukkustundir í yfirfullu herbergi, og af því að svefnherbergi hennar var of lítið og loftræsting þar lóleg."....

"Hvítu þrælarnir okkar", kunngerði Morning Star, málgagn fríverslunarherranna Coben og Bright, "hvítu þrælarnir okkar þræla sig niður í grafirnar og tortímast og deyja án söngs eða tónlistar."

(Auðmagnið, 1. bindi)

V. Lenín:

GEGN HEIMSVALDASTEFNUNNI

Allt þjóðfélagið er nú að hervæðast. Heimsvaldastefnan merkir grimmilega baráttu milli stórveldanna um að skipta upp heiminum og skipta honum aftur á milli sín. Þess vegna hlýtur hún að leiða til þess að öll lönd, jafnvel smá lönd og hlutlaus, haldi áfram hervæðingu sinni. Hvernig munu öreigakonur berjast gegn þessu? Munu þær aðeins fordæma alla styrjaldir og allt sem lýtur að herbúnaði, – aðeins krefjast afvopnunar? Konur kúgaðrar og raunverulega byltingarsinnaðrar stéttar munu aldrei samþykkja svo skammarlegt hlutverk. Þær mu segja við syni sína: "Bráðum verður þú fullorðinn: Þú færð byssu.
Taktu við henni
og lærðu hernaðarlistir almennilega. Öreigarnir þarfnast þeirrar kunnáttu, ekki til að skjóta bræður sína, verkamenn annarra landa, eins og gert er í þessari styrjöld og eins og svikarar við sósíalismann segja að þú eigir að gera. Öreigastéttin þarfnast kunnáttunnar til að berjast gegn borgarastéttinni í þínu eigin landi, til að binda endi á arðrán, fátækt og stríð, – ekki með frómum óskum, heldur með því að sigra og afvopna borgarastéttina." (1916)

J. Stalín:

FRELSISHREYFING VERKALÝÐS ER ÖSIGRANDI!

Í mannkynssögunni hefur engin mikil hreyfing kúgaðra orðið til án þess að þar tækju þátt vinnandi konur. Vinnandi konur, kúgaðastar allra kúgaðra, hafa aldrei vikið af þeirri breiðu braut, sem frelsishreyfingin hefur fylgt, og það hefðu þær heldur aldrei getað gert..... Það er engin furða, að milljónir vinnandi kvenna drógust með undir fána hinnar byltingarsinnuðu verkalýðshreyfingar sem er voldugasta frelsishreyfing sem kúgaður alþýðufjöldi hefur myndað.

Alþjóðlegi kvennadagurinn er tákn þess að frelsishreyfing verkalýðsstéttarinnar er ósigrandi, og hann boðar þá miklu framtíð, sem hún á fyrir sér.
(Pólitísk ævisaga.)

Maó Zedong:

RAUNVERULEGT JAFNRÉTTI KYNJA!

Til að byggja upp voldugt sósíalískt samfélag er óhemju mikilvægt að brýna hinn mikla fjölda kvenna til þátttöku í framleiðslinni vinnu. Karlar og konur verða að fá sömu laun fyrir sömu vinnu í framleiðslunni. Raunverulegt jafnrétti kynjanna verður ekki að veruleika fyrr en í rás sósíalískrar uppbyggingar samfélagsins í heild.
(Úr 5. bindi úrvalsrita Maós)

Lönd vilja sjálfstæði - þjóðir vilja frelsi - alþýðan vill byltingu

Styðjum Kampútseu!

Við sem tókum virkan þátt í stuðningsstarfinu við Víetnam og hinar þjóðirnar í Indókína þegar Bandaríska heimsvaldastefnan herjaði á lönd þeirra höfum enn ærið verkefni að vinna.

Það skal engin ræna hvorki víetnama né kampútseana heiðrinum af því að sigra bandarísku heimsvaldastefnuna. Alþýðan í Vietnam barðist hetjulegri baráttu til sigurs.

Kampútsea

Sovétríkin í fótspor Bandaríkjanna

Víetnam kenndi okkur margt um heimspólitíkina. Stærsti lærdómurinn er sá að það er hægt að vinna sigur á grimmu risaveldi, sem beitir öllu því fullkomnasta sem völ er á af vopnum. Annar lærdómur er sá, að enginn vinnur frelsi sitt ef barist er fyrir því með risaveldi sér við hlið.

Enda þótt við vissum að valdamenn í Víetnam hefðu aðra skoðun og afstöðu til Sovétríkjanna en við, þá gerðum við það aldrei að ágreiningsatriði varðandi stuðning til Víetnam. Engu að síður var það sannfæring okkar að Sovétríkin væri lífshættuleg alþýðunni í Víetnam og að hún fengi ekki að njóta sigursins yfir Bandaríkjunum ef víetnamar létu þau ná tökum á sér.

Nú hafa Sovétríkin töglin og haldirnar í Víetnam. Þau feta í fótspor Bandaríkjanna og skulu gera það áfram þar til alþýðan hefur sigrað þau líka og vísað á brott úr löndum sínum.

Öflugt stuðningsstarf

Það er von að Morgunblaðið spyrji: "Hvar eru Víetnamnefndirnar og mótmælagöngurnar?". Einingarsamtök kommúnista (m-l) hafa aldrei falið hug sinn, hvorki til Víetnam né Kampútseu. Í þeim mæli sem samtökin hafa haft afl til, hafa þau reynt að koma á framfæri upplýsingum um hvað raunverulega væri að gerast í bæði Kampútseu og Víetnam.

Innrás Sovét-heimsvaldastefnunnar í Kampútseu kallar á alla andheimsvaldasinna til öflugs stuðningsstarfs. Sá stuðningur má ekki verða minni en þegar barist var gegn bandarísku heimsvaldastefnunni. Kröfurnar sem bera verður hátt á lofti eru um að Víetnam hverfi á brott með herlið sitt frá Kampútseu og Sovétríkin hafi sig á brott úr Indókína. Víst er að sumir þeirra sem áður studdu Víetnam, munu gera það áfram vegna stuðnings þeirra við Sovétríkin. Þar með afhjúpast augljóslega hvað lá að baki stuðningi þeirra við Víetnama áður. Samúðin með frelsisbaráttu þjóðanna í Indókína lýtur í lægra haldi fyrir stuðningi við drottnunarstefnu sovéska heimsvaldastefnunnar. Þessir fölsku vinir alþýðu Indókína eiga ekki skilið annað en skömm og fyrirlitningu á sama hátt og stuðningsmenn bandarísku heimsvaldastefnunnar. Sérhver þjóð á rétt á því að fá að ráða málum sínum sjálf, það viðurkenna allir heiðarlegir alþýðusinnar. Þessari afstöðu höfum við marx-leninistar alltaf haldið fram og því alltaf tekið einarða afstöðu gegn allri heimsvaldastefnu og risaveldunum tveim, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum, sem standa í fararbroddi. Þessari afstöðu fylgjum við nú og fordæmum íhlutun Sovétríkjanna í Indókína og innrás Víetnam í Kampútseu.

Hann verður aldrei saddur...



Pol Pot stýrir baráttunni

"Öll forystan með Pol Pot í fararbroddi er í Kampútseu og stýrir frelsisbaráttu kampútseönsku alþýðunnar." Þetta sagði Ieng Sary utanríkisráðherra Kampútseu á blaðamannafundi með erlendum blaðamönnum í Peking í síðustu viku.

Þegar blaðamenn spurðu hvers vegna ríkisstjórnin hefði yfirgefið borgirnar svaraðir Sary: "Við hverju búist þið? Þegar skriðdrekar koma með fallbyssur, hvers vegna ættum við að halda borgunum? Að okkar mati er það eðlilegt að víkja fyrir skriðdrekum. En víetnamarnir hafa líka aðeins tekið borgirnar." Sary sagði ennfremur að kampútsear muni berjast þrátt fyrir að víetnamski herinn sé miklu stærri og betur búinn vopnum. "Okkar her er ekki eins stór, en við höfum alþýðuna með okkur. Við munum taka þau vopn sem við þurfum frá víetnömum. Sá sem ræðst á er aldrei sterkur."

Sary var fjóra daga á leið sinni frá Phnom Penh til thailensku landamæranna. Allstaðar bjó alþýðan sig undir baráttu. Sary lagði áherslu á að kampútseanskir hermenn hefðu mörgum sinnum séð rússa eða austur-evrópumenn í liði víetnama, einkum sem stjórnendur skriðdreka.

Enginn þekkir Heng samring

Sary staðfestir það sem margir kunnugir málum hafa sagt áður, að enginn þekkir Heng Samring foringja kvislingastjórnarinnar. Sary sagði að "víetnamar hafa það fyrir sið að skálda upp svona nöfnum". Franski prófessorinn og blaðamaðurinn Charles Meyer, sem var ráðgjafi fyrir Sianúk í 13 ár og reyndar andstæðingur Pol Pot, hefur einnig lýst yfir að hann hafi aldrei hitt neinn sem þekkir Samring.

Keisarinn flúinn - hvað svo?

Íranskeisari er flúinn úr landi, trúlega fyrir fullt og allt. Írönsk alþýða hefur tekið þessa ákvörðun fyrir hann og flótti þessa leiðtoga ógnarstjórnar yfirstéttar Írans er mikilvægur sigur lýðræðishreyfingar landsins.

En fullur sigur er ekki enn fenginn. Baráttan heldur áfram - nú gegn stjórn Baktiars, sem situr í þökk keisarans. Flest bendir til þess að Baktiar hyggist reyna að lægja uppreisnaröldur í Íran með ýmsum minniháttar stjórnaraðgerðum, án þess að hrófla mikið við gamla keisaraveldinu. Baktiar hefur lýst yfir, að hann óski þess að geta leiðrétt "misskilninginn milli keisarans og alþýðunnar"(!). Hann er sjálfur hluti íranskrar yfirstéttar og á engar rætur meðal alþýðu. Enginn af 14 ráðherrum Baktiars tilheyrir andstöðuhreyfingunni gegn keisarastjórninni. Meira að segja er landvarnarráðherrann einn af hershöfðingjum keisarans!

Leiðtoginn Khomeini, sem verið hefur í útlegð á Vesturlöndum í fjölda ára, hefur lýst Baktiarstjórnina ólöglegt samsæri keisarans og erlendra bandamanna hans. Khomeini og margir fleiri andstöðuleiðtogar í Íran hvetja því alþýðuna til að kollvarpa Baktiar-stjórninni og öllu keisarahyskinu. Khomeini hvetur einnig embættismenn til að sinna ekki fyrirmælum ráðherra og Írani til að neita að greiða skatta og gjöld.

VERKALÝÐURINN ER Í FORYSTUSVEITINNI

Hvert verður framhald baráttunnar í Íran næstu daga og vikur. Olíuiðnaður landsins hefur verið lamaður vegna verkfalla og efnahagslíf landsins því í rústum. Ef olíuverkamenn taka hvatningu Khomeinis og halda verkföllunum til streitu, þá mun Baktiar-stjórnin bráðlega sjá fram á endalok sín.

Nánasta framtíð í Íran getur því borið margt í skauti sínu. Ef ríkisstjórnin missir taumhald (sem hún raunar hefur aldrei fengið nema að hluta), þá er spurning hvaða afstöðu herforingjaliðið tekur. Þrátt fyrir að uppreisnarhreyfingin eigi marga vini meðal óbreyttra hermanna, þá á keisarahyskið enn marga góða vini meðal herforingja.

Valdarán hersins er möguleiki, og þá með stuðningi hluta yfirstéttarinnar og embættismannakerfisins, sem óttast lýðræðislega stjórn undir stjórn Khomeinis.

Enn má nefna risaveldainngrip í málefni Írans. Bandarísk heimsvaldastefnan hefur flegið feitan gölt, þar sem Íran er, og sleppir ekki þessu auðuga áhrifasvæði sínu átakalaust. Sovéski björninn hefur á undanförnum árum einnig reynt að seilast til áhrifa í Íran, og nú reyna Sovétríkin að smeygja sér inn í andstöðuhreyfinguna gegn keisaranum til að efla þar áhrif sín upp á síðari tíma. Khomeini er andstæðingur beggja risaveldanna og því er þeim ekkert um leiðsögn hans gefið.

Flótti keisarans er gleðilegur áfangasigur, en hann í sjálfu sér breytir engu í grundvallaratriðum í stjórnmálum Írans. Barátta alþýðunnar í Íran beinist gegn ríkiskerfi ógnarstjórnar keisarans, því skal steypa og um leið stjórn Baktiars.

Barátta...

Framhald af baksíðu

efnahagsvandræða yfir á herðar vinnandi fólks.

Ýmsir hafa orðið til að mótmæla tillögunni. Einhverjir kunna að gera það á flokkspólitískum grundvelli. En hér skipta flokkslegir hagsmunir ekki máli, heldur eru það hagsmunir launafólks sem eru í húfi. Því er ástæða til að hvetja fólk til að íhuga þessi mál, án þess að falla í sömu gryfju og Moggalið og aðrir slíkir.

NÝ HREYFING

Ný hreyfing starfar meðal borgarstarfsmanna sem andstöðuhópur gegn stjórn Starfsmannafélagsins. Í október sendi hún frá sér yfirlýsingu þar sem hún mótmælir m.a. undansláttastefnu Formannaráðstefnu BSRB þar sem lýst er yfir vilja til að versla með samningsréttinn. Næstu vikurnar bíður baráttusinna mikið verkefni, það er barátta gegn samningsrofum og kjaraskerðingartillögum BSRB-forystunnar og ríkisvaldsins. Verkalýðsblaðið og Einingarsamtök kommúnista munu styðja slíka baráttu eftir föngum.

Kampútsea

Framhald af forsíðu

í lok síðasta árs kveðju frá flokknum, svohljóðandi:

"Með mikilli ánægju höfum við móttekið kveðju ykkar í tilefni þess að 18 ár eru liðin frá stofnun Kommúnistaflokks Kampútseu. Þið hafið metið mikils árangursríka sigra alþýðu og byltingarhers Kampútseu undir leiðsögn Kommúnistaflokksins og þið hafið í einlægni stutt baráttu okkar gegn víetnömskum árásarseggjum og landaþjófum og húsbændum þeirra, sovéskum útþenslusinnum. Þetta er mikil uppörvun fyrir alþýðu og byltingarher Kampútseu. Við færum ykkur innilegar þakkir.

Við viljum nota þetta tækifæri til að láta í ljósi þá ósk að vinátta og samstaða milli landanna tveggja megi þróast og styrkjast."

Börn á barnaári 1979

Sameinuðu Þjóðirnar hafa gert árið 1979 að barnaári. Hérlendis er þegar hafinn viðbúnaður vegna þess. Hin og þessi snobbsamtök borgarastéttarinnar reyna ásamt kirkjunni að helga sér innihald ársins og eru þegar byrjuð að ausa út áróðri sínum um og fyrir börn. Þau vélabrögð koma fáum á óvart. En börn eru líka fólk. Þau eiga rétt á því sem eru raunverulegir hagsmunir þeirra. Hér verður í stuttu máli reynt að drepa á helstu þætti barnakúgunar. Unglingar og vandamál þeim tengd eru efni í sérstaka grein og verður því ekki um þau fjallað hér.

KIRKJA OG SKÓLI SVIPTA BÖRN MANNRÉTTINDUM

Nýfædd eru börn neydd inn í félag það sem nefnd er þjóðkirkja, en er eitt af helstu hugmyndafræðilegum kúgunartækjum borgarastéttarinnar. Um fermingu fá þau svo að staðfesta þessa félagsaðild sína, eftir að lúalegustu aðferðum hefur verið beitt, annars vegar með einhliða sefjunaráróðri skóla og kirkju um kristna trú, án kynningar á öðrum valkostum og án þess að þeim sé kynnt gagnrýni fjölmargra aðila á kirkjuna og trúna. Það "trúfrelsi" sem börnum er boðið upp á er því orðið tómt. Það félagsfrelsi sem boðað er í stjórnarskrá og mannréttindayfirlýsingu S.Þ. gildir ekki fyrir börn og aðild þeirra að þjóðkirkjunni. Skólinn er sama marki brenndur og kirkjan. Þar heldur innrætingin áfram. En reyni einhver - t.d. kennari eða barnabókarhöfundur - að benda börnum á önnur sannindi, t.d. þau að tvær stéttir þjóðfélagsins heyi óaflátanlega baráttu um völdin, - þá er slíkt kallað lævíslegur áróður og argasta kommalygi. Börn fá með þessu móti enga möguleika til að mynda sér skoðanir á eðlilegan hátt. Þar með eru þau svipt enn einum mannréttindunum, - skoðanafrelsinu.

BARNAVINNA

Vestræn ríki státa mjög af því, að nú sé vinnuþrælkun barna aflögð. En hvað er hæft í því? Strax í skólunum er vinnuþrælkun mikil, því að auk 25-35 stunda kennsluviku er lögð á þau ýmis konar tímafrek heimavinna. En auk þessa vinnur mikill hópur barna af efnaminni heimilum með skólanum við blaðaútburð, blaðsölu og smábarnagæslu, svo að eitthvað sé nefnt.

DAGVISTUN

Miklu færri börn en þurfa komast á dagvistarstofnanir. Á það hefur verið bent að börn hafa mjög gott af því að vera á dagvistarstofnunum, kynnast öðrum börnum á sama aldri, læra tillitssemi við þau og sjálfsaga og fá nægilega athygli og umönnun sem venjuleg heimili hafa sjaldnast upp á að bjóða, m.a. vegna tímaskorts og vinnuþrælkunar hinna fullorðnu. Þá er einnig svo illa búið að flestum dagvistarstofnunum hvað varðar starfslið, að dvöl barna þar verður ekki nærri eins góð og gagnleg og hún gæti orðið. Loks er vinnutími foreldranna yfirleitt í svo föstum skorðum, að dagleg vera barna á dagvistarstofnunum verður allt of löng.

BÖRN EINSTÆÐRA FORELDRA

Börn einstæðra foreldra eru þolendur þess illa aðbúnaðar, sem einstæðum foreldrum er búinn fjárhagslega með allt of lítilli aðstoð í formi meðlaga og mæðra launa (feðralauna). Börn einstæðra foreldra eiga einnig oft við snöggtum meiri félagsleg vandamál að etja vegna mikillar einveru á daginn eftir skóla og skorts á umönnun.

FÉLAGSLEG VANDAMÁL

Börn eiga við ýmis félagsleg vandamál að stríða. Skortur er á félagslegri aðstöðu, - aðstöðu til hollra frístundaverkefna, útilífs o.fl. Skólarnir hafa staðið sig illa, og hið opinbera hefur ekki komið til móts við þessar þarfir nema að mjög takmörkuðu leyti og í afmörkuðum íbúðahverfum. Ýmis konar félög þykjast bæta úr þessari þörf, en þar er ýmsu ábótavant. Íþróttafélögin veita aðstöðu til hollrar útiveru og leikja, - nefnilega afreksíþróttir og metastreð. Skátahreyfingin gerir ýmislegt jákvætt, en um leið treður hún í börnin sömu hugmyndafræði og skólarnir.

Borgaraleg hugmyndafræði einkennir í enn ríkara mæli starf samtaka eins og KFUM og K. Þar er börnum innrætt enn á ný að trúa á "máttinn og dýrðina", en sjá ekki það sem raunverulega fer fram í kringum þau. Ýmis fleiri félög fyrir börn eru til, mismunandi stór og útbreidd, en um þau er ekki ástæða að fjölyrða. Hins vegar vantar á Íslandi tilfinnanlega barnasamtök, sem eru einhlítt framsækin, stuðla að hollri útiveru og tómstundastarfi og sporna gegn borgaralegri innrætingu. Slík samtök voru til á dögum gamla kommúnistaflokksins, en leystust upp þegar stéttsvikarar náðu þar yfirhöndinni og lögðu flokkinn niður til að sameinast öðrum krötum.

BARNAVERND

Borgarastéttin hefur komið sér upp stofnunum, sem að sögn eiga að gæta hagsmuna barna. Það eru barnaverndarnefndirnar svokölluðu. Í höfuðborginni er t.d. starfandi Barnaverndarnefnd Reykjavíkur undir forsæti kratadoktorsins Braga Jósepssonar. Verkefni hennar hefur fyrst og fremst verið að ákveða örlög barna, svipta foreldra foreldraréttti, þegar í óefni er komið vegna einhverra stórfelldra vandræða, s.s. drykkjuskapar, sjúkdóma o.fl. Aðgerðir þessarar nefndar eiga það sammerkt, að þar er allt og seint gripið til róttækra ráðstafana til hjálpar þeim börnum, sem í hlut eiga. Foreldrarétturinn er meira metinn en réttur barnsins til heilbrigðs og eðlilegs lífs. Einnig vantar mjög á, að nefndin bendi á orsakir og reyni að berjast gegn þeim á fyrirbyggjandi hátt. Þeir sem sitja í svona nefndum eru yfirleitt fólk sem starfar að öðru leyti að ýmsum félagslegum verkefnum, s.s. við kennslu, o.fl., en nefndirnar eru skipaðar af stjórnmálaflokkunum sem bitlingar, og þarf því varla að búast við að þar sé hæfasta fólkið. Gagnleysi þessara nefnda hefur komið æ betur í ljós á undanförnum árum og hafa ýmis sveitarfélög lagt þær niður, s.s. Akureyri.

- - -

Þessi grein er aðeins hugsuð sem upphaf á frekari skrifum blaðsins um málefni barna á barnaári 1979. Verkalýðsblaðið mun síðar birta greinar, sem taka nánar fyrir einstaka þætti barnakúgunar. Væri okkur í ritnefnd blaðsins mikil þökk í því, að lesendur gæfu okkur ábendingar og/eða sendu okkur greinar um þessi mál.

Börn á barnaheimilinu Sunnuborg.

Börn eru líka fólk!



Til þín Kampútsja!

Ort 8.jan.1979, daginn eftir að fréttir bárust af því að Phnom Penh væri fallin í hendur óvinarins. - Í ljóðinu er vísað til sögunnar um lambið og úlfinn sem voru að drekka vatn úr læk. Úlfurinn var ofar við lækinn. Úlfurinn var ekki aðeins þyrstur, hann langaði líka til að éta lambið, en þorði ekki vegna almenningsálitsins. Hann greip því til þess ráðs að ávíta lambið fyrir að óhreinka fyrir sér vatnið. Þegar lambið andmælti og benti úlfinum á að hann stæði ofar við lækinn og því nær sanni að hann óhreinkaði vatnið fyrir sér, sem stæði neðar. Þá glotti úlfurinn og sagði: - Jæja, svo að þú segir mig líka ljúga ? - Síðan át hann lambið.

Viðlag: Kampútsja - Kampútsja
þig kvelja nú erlendar sveitir
Kampútsja - Kampútsja
þú kúguðum fordæmi veitir

Þú lagtæka smáþjóð sem leikin ert grátt
af lævísum féndum sem rjúfa alla sátt
Í nábleikum heilunum hugsað er flátt
og herjum er skipað að myrða
Kampútsja - Kampútsja
Nú land þitt er lamið af Víetnams stríði
en leið þeirra er vörðuð af sovésku níði.

Viðlag.

Fyrir örfáum árum þú heimtir þín lönd:
og ógnun sem frelsi þitt hneppti í bönd
þú lagðir að velli, þá létt var þín önd
og lokið var hörmungarstríði.
Kampútsja - Kampútsja
Svo sannlega áttirðu harma að hefna,
hrundi því bandarísk ofbeldisstefna

Viðlag.

Þú byggðir upp afl þitt og alþýðuvöld,
þú auðgaðir líf þitt og fáðir þinn skjöld.
En utan að barst til þín andrænan köld:
áróður lyga og svika
Kampútsja - Kampútsja
Afturhald heimsins í austri og vestri
yfir þig jós sínum rægjandi lestri

Viðlag.

Að baki öllum lygum má ljóslega sjá
loðbrýndan fasista, Kreml-múrum frá.
Í auðmýkt og auðsveipni svala hans þrá
auðugar dollaradætur
Kampútsja - Kampútsja
Brésnef og úlfur sem laug upp á lambið
þeir líkjast - sú sama er grimmdin og drambið.

Viðlag.

En lambið var étið og úlfurinn naut
afls síns og stærðar og hvarf svo á braut.
En hér verður hins vegar þyngri sú þraut
þjóðinni smáu að eyða
Kampútsja - Kampútsja
Þú stefnir á frelsi, á frið um þitt land,
því fær enginn kúgari unnið þér grand.

Viðlag.

Guðmundur Sæmundsson.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á
giró 12200-9

ÁBM: ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1750
Til útlanda: kr. 5500
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30 Pósthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Baráttan gegn tillögum ríkis og BSRB-forystu hafin

Verkalýðsblaðið náði tali af Pétri Péturssyni útvarpsþul og Hjördísi Hjartardóttur félagsráðgjafa í Félagsmálastofnun Reykjavíkur í Breiðholti. Hjördís er einnig virkur félagi í Nýrri hreyfingu. Við spurðum þau hver væri í stuttu máli afstaða þeirra til tillögu BSRB-forystunnar og ríkisvaldsins.

Hjördís: Við náum ekki hagstæðum samningi nema með baráttu



Hjördís Hjartardóttir

"Við förum í verkfall undir öruggri forystu BSRB forystunnar haustið 1977, og náðum fram m.a. þessarri 3% grunnkaupshækkun. Við förum aftur í verkfall 1. og 2. mars '78 til að mótmæla kjaraskerðingarlögum þáverandi ríkisstjórnar. Það kemur manni spánskt fyrir sjónir, að hin sama BSRB forysta hvetur nú félagsmenn til að gefa eftir hækkunina, gegn endurskoðun samningsréttarins. Þannig eiga þessi sjálfsögðu réttindi að ganga kaupum og sölum. Auk þess hef ég enga trú á að ríkisvaldið geri við okkur samninga, sem séu okkur virkilega hagstæðir, án baráttu af okkar hálfu. Þann lærdóm má draga af "efnahagsaðgerðunum" í september og aftur í desember. Í þriðja lagi vaknar spurningin hvort eigi ekki að nota þetta, ef samþykkt verður, gegn þeim verkalýðsfélögum sem ekki hafa framlengt samningana."

Pétur: Eflum samstöðuna gegn tilræði hins þríhöfða þurs

Pétur Pétursson

"Mér er það sönn ánægja að svara spurningu Verkalýðsblaðsins um álit mitt á samningi BSRB við ríkisstjórnina. Þó er kannske ekki rétt að því fylgi ánægja. Miklu fremur er hún beiskjublandin. Forystumenn samtaka opinberra starfsmanna virðast hafa ákaflega undarlegar hugmyndir um hagsmunabaráttu félaga sinna. Í samningi þeim er gerður var við fyrri ríkisstjórn var samið um tilteknar launabætur er eiga að koma til framkvæmda hinn 1.apríl n.k. Í stað þess að standa fast á ótvíræðum rétti sínum skv. þeim samningi hefja þeir makk við núverandi ríkisstjórn um eftirgjöf á umsaminni kauphækkun. Allt er þetta gert undir því yfirskini að haft sé "samráð við verkalýðshreyfinguna".
Við munum þesshættar samráð frá olíusamningunum er svo voru nefndir og gerðir voru í tíð fyrri svonefndrar vinstristjórnar.

Forysta BSRB ætlar nú að því er virðist, að taka þann kost að kaupa "aukinn samningsrétt" með því að afsala sér uppbót er takmarkaður samningsréttur hafði áður fært samtöknum. Slíkri lönguvitleysu vilja þeir ekki taka þátt í sem þekkja til kjarasamninga verkalýðsins. Að fara í þess konar hnífakaup, afsala sér umsömdum rétti, en kaupa vafasamt aflátsbréf minnir helst á viðskifti þau er Páfastóllinn stundaði fyrrmeir og fordæmd eru nú sem ósæmandi og siðspillt.

Niðurstaða mín er í stuttu máli sú, að ríkisstarfsmenn verði nú að efla samstöðu sína við aðra launamenn og vísa á bug tilræði því sem þríhöfðaður þurs ríkisvalds, atvinnurekenda og verkalýðsforystu hefur nú í huga gegn samtökum þeirra. Með því að samþykkja væntanlegar tillögur þessarra aðila er afturhaldsöflum opnuð leið til hverskonar sjónhverfinga og frekari árása á kaup og kjör alþýðu manna."

Ríkisvaldið og BSRB forystan hafa sameinast um tillögu til skerðingar gerðra kjarasamninga, gegn endurskoðun samningsréttarins.
Í samkomulagi þeirra er gert ráð fyrir að 3% grunnkaupshækkunin sem koma á 1. apríl n.k. falli niður. Þessi hækkun nemur tæpum þriðjungi þeirrar launahækkunar sem samið var um að loknu verkfalli BSRB í fyrrahaust. Í staðinn fyrir hækkunina komi þessi atriði:
1. Fellt verði niður úr lögum ákvæðið um lágmarkssamningstímabil (2 ár), en lengd samnings verði framvegis (eftir 1. júlí 1979) samningsatriði.
2. BSRB annist alla samningagerð fyrir ríkisstarfsmenn og þeir þættir sem tilheyra sérkjarasamningum aðildarfélaga verði framvegis í aðalkjarasamningi. Kjaranefnd verði lögð niður. Á sama hátt annast hvert bæjarstarfsmannafélag alla samningagerð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

TILGANGUR RÍKISVALDSINS

Ríkisstjórnin lagði fram kjaraskerðingarhugmyndir sínar strax í september og síðan í tengslum við 1. des. lögin alræmdu. Forysta BSRB mótaði gagntillögur sínar án nokkurra umræðna meðal félaga. Þessar tillögur voru síðan sendar samninganefndinni, sem í eru 60 manns. Síðan hafa staðið yfir viðræður, og hefur forysta BSRB samþykkt þá málamiðlun, sem fram er komin. Óhætt er að segja, að ekki hafi verið beitt ítrustu reglum lýðræðis við þessa umfjöllun. En ástæðan fyrir því er líklega einföld. Alþýðubandalagið á sér ýmsa handlangara innan forystu BSRB. Þessir handlangarar skilja vel nauðsyn "vinstri" stjórnarinnar á að friður haldist á vinnumarkaðinum. Því er mikilvægt að bægja frá öllum öldum óánægju og láta slíkar raddir ekki komast að, heldur keyra málið í gegn á sem skemmstum tíma, og áður en þau aðildarfélög innan ASÍ, sem sagt hafa samningum lausum fara að hafa í frammi einhvern hávaða. Ef opinberir starfsmenn afsala sér hluta af umsömdum kauphækkunum, telja forystumenn verkalýðsfélaga sig eiga auðveldara með að kæfa óánægjuraddir innan eigin raða.

HVAÐ VARÐ UM MIKILVÆGUSTU KRÖFUNA?

Í fyrstu kröfugerð BSRB til ríkisvaldsins var m.a. sett fram krafan um verkfallsrétt á sérkjarasamninga. Hún virðist hafa dagað uppi, en í staðinn kemur atriði sem gengur þvert á þá stefnu að auka sjálfstæði aðildarfélaganna, þar sem gert er ráð fyrir að samningagerð í sérkjarasamningum færist yfir til heildarsamtakanna, samhliða því að kjaradómur er lagður niður. Forysta BSRB verður varla sökuð um að vilja minnka miðstýringuna innan BSRB, a.m.k. lýsti Kristján Thorlacius yfir mikilli ánægju með tillögu sína og ríkisvaldsins á opnum fundi BSRB félaga um daginn. Hann kvaðst þar efast um að krafan um dreifingu samningsréttarins væri nokkuð betri en núverandi ástand. Ragnar Stefánsson Fylkingarformaður, var og á þessum fundi og lýsti því yfir að hann mundi greiða atkvæði á sama hátt og Kristján. Um ofangreinda kröfu er hins vegar það að segja að almennir félagar BSRB líta á hana sem eina mikilvægustu kröfu sína.

NIÐURFELLING TVEGGJA ÁRA REGLUNNAR

Ákvæðið um að gildistími samnings verði samningsatriði er mikilvægt fyrir opinbera starfsmenn, þar sem núverandi ákvæði rýrir mjög samningsréttinn. Hins vegar er ekki rétt að fara út í skiptaverslun með slík ákvæði. Það vekur athygli, að nú 1½ ári eftir að þessi krafa var talin allt of kostnaðarsöm og óalandi til að hún næðist fram í samningum, er hún aðeins metin sem jafngildi hluta þeirra 3% sem nú á að fella niður. Þetta álit ríkisvaldsins í dag ættu opinberir starfsmenn að hafa í huga í sumar þegar samningar okkar eru lausir.

ANDSTAÐA VIÐ TILLÖGUNA

Þegar er farin að mótast allmikil andstaða við tillögu ríkisvaldsins og BSRB forystunnar. Bent er á að það séu forkastanleg vinnubrögð, ef stéttasamtök eigi að fara að afsala sér kjarabótum, sem þau hafa barist fyrir og náð fram í kjarasamningum. Samþykki félagar BSRB þessa tillögu gefur það stórhættulegt fordæmi öllu vinnandi fólki í landinu, auk þess sem það er beinn stuðningur við þá stefnu auðvalds og ríkisvalds þess, að velta byrðum kreppu og

Framhald á bls. 6

100 manns á kappræðufundi

3. fundurinn í röð nokkurra kappræðufunda á vegum Einingarsamtakanna, var 18. janúar. Bar hann yfirskriftina "Kampútsea - bylting eða þjóðarmorð?". Frummælendur voru þrír: Elín Pálmadóttir blaðamaður á Morgunblaðinu annars vegar, og hins vegar Hjálmtýr Heiðdal, fulltrúi EIK(m-l), og Þorsteinn Helgason.

Elín Pálmadóttir hefur síðustu árin getið sér orð sem liðtækur rógberi á prenti um Kampútseu (Kambódíu), einkum með skrifum í Morgunblaðið. Hefur hún ferðast til Asíu og ýmissa landa annars staðar til að verða sér úti um "fróðleik" um innanlandsástandið í Kampútseu - frá því Kampútsea var frelsað í apríl 1975 þar til stór hluti landsins var hernuminn af Sovétstuddum her Víetnams um og upp úr áramótum. Snerist drjúgur hluti fundartímans um áreiðanleika heimilda um Kampútseu og gátu þeir Hjálmtýr og Þorsteinn sýnt ljóslega fram á tvísagnir í málflutningi Elínar og ýmissa erlendra "Kambódíufræðinga" (sem Elín undirstrikaði gjarnan að væru einhvers konar "vinstri menn"!). En Elín sat við sinn keip og japlaði á gömlu lummunum um "þjóðarmorð í Kambódíu, skipulagt af ca. 20 manna hópi kommúnista, sem byrjað hafi að ráðgera eitthvað þessu líkt á námsárum þeirra í Frakkalandi (!)". En Elín tók þó skýrt fram, að "ógnaröldin" í Kampútseu réttlætti á engan veginn innrás Víetnams og tók eindregna afstöðu gegn henni.

Örn Ólafsson, formaður "Baráttuhreyfingar gegn heimsvaldastefnu" (vel á minnst, hvar er sú "hreyfing" eiginlega niðurkomin??? Hvers vegna heyrist ekki í henni út af hernámi Kampútseu?), sagði af gefnu tilefni, að hann styddi ekki innrásina í Kampútseu (seisei). Hans innlegg í fundinn var annars að öllu leyti eftirtektarvert. Hann fór í ræðustól og las tilvitnanir í víetnamskan offísér til þess að "varpa dálítið öðru ljósi á atburði í Asíu að undanförnu" - að sögn Arnar. Þar endursagði formaður "BGH" grófar árásir víetnamans á Alþýðulýðveldið Kína og leiðtoga þess, þar sem Kína var sakað um útþenslustefnu, íhlutun í málefni Víetnams, skort á stuðningi við baráttu víetnama við Bandaríkin o.fl. Örn taldi að víetnömum hafi þótt þröngt um sig með Kína á aðra hönd og Kampútseu á hina. "Innrásin er ef til vill fyrirbyggjandi aðgerð hjá víetnömum", sagði Örn!